

Skipulags- og samgönguráð,
Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík



Bréf

Yðar tilvísun: Mál nr. US210022

Skipulags- og samgönguráð, 3. febrúar 2021

Áheyrnarfulltrúi Miðflokkssins leggur fram svohljóðandi fyrispurn,

Lögð var fram í trúnaði á fundi skipulags- og samgönguráðs frumdrög að skýrslu sem ber heitið "Borgarlínan - frumdrög að fyrstu lotu".

Síða 1/2

1. Hver er ábyrgðaraðili skýrslunnar?
2. Hvað kostar skýrslan?
3. Hver borgar fyrir gerð skýrslunnar?
4. Hvaða aðilar komu að gerð skýrslunnar?
5. Hvað var hverjum aðila/fyrirtæki borgað fyrir sig tæmandi talið?

SVAR:

1. Ábyrgðaraðili og útgefandi skýrslunnar er Verkefnastofa Borgarlínunnar sem er samstarf Vegagerðarinnar og SSH, samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
2. Skýrslan er afurð af vinnslu frumdraga frá því seint á árinu 2019 og kostnaður við þá vinnu nam kr. 135.892.581.- um síðustu áramót samkvæmt minnisblaði KPMG fyrir SSH. Megin þungi kostnaðarins var kominn fram á þeim tímapunkti.
3. Samkvæmt sérstökum samningi um rekstur Verkefnastofu Borgarlínu frá 14.júní 2019 deila ríki og sveitarfélögjum jafnt með sér öllum kostnaði við undirbúning Borgarlínuverkefnisins, þar með talið frumdragaskýrsluna. Hlutur hvers sveitarfélags er í samræmi við íbúafjölda. SSH hélt utan um allt fjárhagslegt reikningshald og þar með talið greiðslu reikninga.
4. Innan verkefnastofu Borgarlínu var sérstakt hönnunarteymi sem var skipað aðilum frá: Vegagerðinni, Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hnit verkfraðistofu, VSÓ ráðgjöf og Verkís. Auk þeirra sá Kolofon um umbrot á skýrslunni og myndvinnslu og Athygli um prófarkarlestur. Fjöldi aðila rýndu skýrsluna eða komu með ábendingar, helst er að nefna: BRT Planning, Garðabær, Hafnarfjörður, ISAVIA, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, Strætó, Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðis, Vegagerðin, Veitur og Öryrkjabandalag Íslands.

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Einnig var leitað til annarra utanaðkomandi aðila varðandi vinnslu ákveðinna þátta í frumdrögum sem sjá má í svari við spurningu nr. 5.

5. Eftirfarandi aðilar hafa fengið greitt fyrir vinnu frumdragar.

Fyrirtæki	Greiðslur í kr.
VSÓ	35.336.100
Hnit	20.407.650
Verkís	19.072.070
Kolofon	18.835.300
Reykjavík	14.055.246
Vegagerðin	10.073.523
Kópavogsbær	6.789.918
Athygli	3.283.605
Trípolí arkítektar	2.760.750
Snorri Eldjárn	1.991.000
Mannvit	1.433.230
Liska	1.299.568
Tvist	862.125
Efla	563.890
Samtals	135.829.581

Síða 2/2

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar/Borgarlínu
Sunna Björg Reynisdóttir & Hrafnkell
Proppé

Vegagerðin